



Fréttabréf mars 2020

Við þökkum fyrir góða mætingu á Herra- og Dömkaffið. Við teljum að vel hafi til tekist að hafa þetta seinnipart dags.

Grunngildi næstu mánuðina er **Virðing**. Við vinnum þá sérstaklega með þetta gildi út frá Vináttuverkefni Barnaheilla og Blæ.

Þrír kennarar; Anna Guðrún, Andreea og Bogga fara í vettvangsnám í aðra leikskóla í byrjun mánaðarins. Anna Guðrún og Andreea í tvær vikur en þær eru að læra til leikskólakennara og Bogga í eina viku, hún er í framhaldsnámi sem leikskólaliði.

Nýr kennari byrjar hjá okkur í sérkennslu, hún heitir Katrín og hefur störf um miðjan mars.

Við bíðum með allar tilkynningar um yfirvofandi verkfall BSRB. Fundur með leikskólastjórum verður 3. mars og munum við senda frá okkur tilkynningu eftir þann fund.

Grænn dagur er **6. mars** og þá hvetjum við alla til þess að mæta í einhverju grænu.

Árlegi viðburðurinn okkar **Pylsudagurinn mikli** er **20. mars**. Þá búa börnin til peninga og kort ásamt veskjum sem þau nota til þess að kaupa sér pylsur og safa í búðum sem við setjum upp.

21. mars er tileinkaður Downs-heilkenninu og honum er fagnað víða um heim. Sameinuðu þjóðirnar tilkynntu árið 2011 að dagurinn skyldi hafa þetta hlutverk og dagsetningin er ekki tilviljun því Downs-heilkenni orsakast af þrístæðu á litningi 21. Í Læk ætlum við að fagna deginum með því að vera í ósamstæðum sokkum föstudaginn 20.mars.

23. mars er skipulagsdagur og þá er leikskólinn lokaður. Við munum nýta daginn til ýmissa verka og fáum til okkar fræðslu frá Barnaheillum um Vináttuverkefnið og Blæ.

Ekki tókst okkur að ná árangri í kosningu í verkefninu Okkar Kópavogur sem þýðir að einhver bið verður á því að framkvæmdir verði á leikskólalóðinni.

Kennarar í Læk tóku þátt í Lífshlaupinu í febrúar og náðu frábærum árangri með markvissri hreyfingu. Hópurinn okkar lenti í 9. sæti og því ber að fagna.

Gott samstarf milli foreldra og leikskóla skapar jákvætt starfsumhverfi. Við viljum koma á framfæri þökkum með aðstoðina 17. og 18. febrúar þar sem margir kennarar voru frá vinnu. Með ykkar aðstoð tókst okkur að halda öllum deildum opnum með því að vinna saman á milli deilda.

Starfsmannakönnun verður lögð fyrir kennara í Læk. Það er liður í því að meta starfið okkar, sjá hvað vel er gert og bæta úr því sem betur má fara.

Mikilvægt er að hliðin að lóðum leikskólans séu lokuð öllum stundum.

Sjálfraeði – virðing - hlýja

